

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
vegna Leikfélags Reykjavíkur
og
Félags íslenskra hljómlistarmanna

1.gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Félags íslenskra hljómlistamanna og Samtaka atvinnulífsins vegna Leikfélags Reykjavíkur.

2. gr.

Launabreytingar

Sýningar- og æfingarlaun á samningstímabilinu eru samræmi við meðfylgjandi launatöflur.

3. gr.

Samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi skv. samningum aðila.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er félaginu heimilt að segja upp samningum með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

4. gr.

Gildistími og atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. mars 2021 til 31. mars 2023 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir mánudaginn 20. apríl 2021.

Fylgiskjöl

Í fylgiskjöllum eru kauptaxtar á samningstímabilinu og breytingar á einstökum köflum kjarasamningsins.

Reykjavík, 6. apríl 2021

Sýningar- og æfingarlaun á samningstímabilinu

Sýningarlaun

Sýning 1 **1.3.2021** **1.1.2022**

Viðvera allt að 2 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	22.345	23.015
Leiðandi maður	24.097	24.820

Sýning 2

Viðvera allt að 3 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	26.726	27.528
Leiðandi maður	28.821	29.686

Sýning 3

Viðvera allt að 4 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	31.107	32.040
Leiðandi maður	33.546	34.552

Ef sýning er sýnd oftari en einu sinni sama dag skal greiða 75% af sýningarlaunum fyrir hverja sýningu umfram eina.

Æfingarlaun

Æfing 1 **1.3.2021** **1.1.2022**

Æfing allt að 3 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	18.241	18.788
Leiðandi maður	20.065	20.667

Æfing 2

Æfing allt að 4 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	24.322	25.052
Leiðandi maður	26.754	27.557

Æfing 3

Æfing allt að 5 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	30.402	31.314
Leiðandi maður	33.442	34.445

Æfing 4

Æfing allt að 6 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	34.153	35.178
Leiðandi maður	37.554	38.681

Krefjist verkið þess að starfandi sé konsertmeistari við sýningar og/eða æfingar greiðist 10% álag á laun leiðandi manns í hverjum flokki sýninga og æfinga.

Breytingar á einstaka greinum kjarasamningsins

1. tl. gr. 2.4. breytist og hljóði svo:

Hljómlistarmanni skal greitt orlofsfé er nemur 10,17% á öll laun skv. samningi þessum. Eftir 3 ára starf skal hann fá 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

4. tl. gr. 2.4. breytist og hljóði svo:

Lífeyrissjóðsiðgjald skiptist þannig að 4% greiðir viðkomandi hljómlistarmaður, 11,5% greiðir launagreiðandi.

Undirritunarsíða

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur ses.
Guðmundur Heiðar Guðmundsson

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur ses.
Ólafur Garðar Halldórsson

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur ses.
Eggert Benedikt Guðmundsson

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur ses.
Kristín Ágústa Ögmundsdóttir

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna
Gunnar Kvaran Hrafnsson

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna
Róbert Þórhallsson